

Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023	
Sveitarfélag:	Langanesbyggð
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:	Bakkafjörð og Þórshöfn
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Tekið fyrir á 7. fundi byggðaráðs Langanesbyggðar þann 5. Janúar 2023.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Við 1. mgr. 1. gr. bætist nýr staflíður svohljóðandi: Stærð fiskiskips er minni er 300 brúttótonn.
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Var í reglum fyrra árs. Rökin eru sem fyrr tryggja að úthlutunin fari til skipa sem landa í byggðarlaginu en ekki stærri skipa.
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðarárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstök- um sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022 að frádregnu því aflamarki sem tilkomið er vegna úthlutunar á sértæku aflamarki Byggðastofnunar.
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Þessi breyting hefur áður verið í reglum sveitarfélagsins. Rökin eru sem fyrr að aflamark sem úthlutað er hjá Byggðastofnun komi ekki til viðbótar öðrum afla.
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Vegna ártíða bundinni sveifla í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski er farið fram á að heimilt verði að landa afla til vinnslu sem telja á til byggðakvóta innan Langanesbyggðar svo hægt sé að uppfylla kröfur reglugerðarinnar varðandi byggðakvóta á Bakkafirði.